


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1	Áfangaheiti BHR 801 Kennsluáætlun 5.önn vor 2012	

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um bilanir og skemmdir sem orðið geta í hreyflum, kerfum og íhlutum þeirra og hvaða áhrif bilanir í þeim geta haft á aðra hluti í hreyflinum. Kannað er hvernig bilanir í hreyflum lýsa sér og hverjar geti verið ástæður þeirra. Æfingar í notkun prófunar- og mælitækja: Þjöppumæla, þrýstimæla, hitamæla, afganggreina, sveiflusjár og hlustunarpípu. Áhersla er lögð á greiningu bilana og rekstrartruflana sem verða skömmu eftir að viðgerð hefur farið fram.

Markmið:

Nemandi þekki:

Bilanir og skemmdir sem orðið geta í hreyflum, kerfum og íhlutum þeirra og hver áhrif bilanir í þeim hafa á aðra hluti í hreyflinum. Hvernig bilanir í hreyflum lýsa sér og hverjar geti verið ástæður þeirra. Til annarra kerfa hreyfilsins og hvernig þau geta haft áhrif á vinnu og rekstraröryggi hreyfilsins. Prófunar- og mælitæki: Þjöppumæla, þrýstimæla, hitamæla, afganggreina, sveiflusjá og hlustunarpípu

Nemandi geti:

Lýst gerð og virkni vélbúnaðar brunahreyfla (ottó og dísil) og einstakra hluta þeirra. Lýst hvernig greina má bilanir í vélbúnaði hreyfla og ástæður þeirra. Sýni að hann getur beitt ýmsum aðferðum til að kanna ástand hreyfla og geti í þeim tilgangi notað ýmis prófunar- og mælitæki. Greint bilanir og rekstrartruflanir sem verða skömmu eftir að viðgerð hefur farið fram. Lýst hvernig önnur kerfi hreyfilsins geta haft áhrif á vinnu og rekstraröryggi hreyfilsins.

Námsgögn:

Tækni upplýsingar framleiðenda.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar, sem er að meta ástand vélbúnaðar í gömlum bíl. Þeir vinna eitt verkefni og eftirfarandi leiðarlýsing er það sem á að gera: Nemandi skili verkefni sem lýsi vinnu hans í lotunni. Nemendur vinni í tveggja manna hópum að verkefnum lotunnar en skili hvor sínu verkefni. Skiladagur 17.04.2012 fyrir klukkan 13.00. Berist verkefnið eftir að skilafresti lýkur lækkar einkunnin fyrir verkefnið um 1.0 fyrir hvern hafin sólarhring eftir 13.00 þann 17.04.2012. Verkefnum skal skila útprentuðum á íslensku með línubili 1,5 og leturstærð 12. Á forsiðu skal koma fram áfangaheiti, nafn kennara, nafn og kennitala nemanda skráð á forsiðu prófa. Tilgreina skal gerð og árgerð ökutækis sem unnið er við. Nemendur geri sjónrænt mat á hreyfli ökutækisins og hlusti vélina með hlustunarpípu og skrái niðurstöðurnar í verkefnið. Nemendur geri athugun í bilanaminni þess bíls sem þeim er falið að athuga ef slíkur búnaður er til staðar og skrái niðurstöður í verkefnið. Nemendur geri mælingar á frostlegi og smurþrýstingi þess ökutækis sem þeir eiga að meta og skrái niðurstöður hennar ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin. Nemendur geri þjöppumælingu á vél þess ökutækis sem þeir eiga að meta og skrái niðurstöður hennar ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin. Nemendur geri samantekt á niðurstöðum athugana sinna og skrá yfir heimildir.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf 40%. Verkefni 40% Ástundun 20%

Annað:

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna. Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk. Áskilin er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils